Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp.

Árið 2026, þriðjudaginn 17. nóvember kl. 13:20 eftir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1383. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.

Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Sigrún Reynisdóttir, Dagný Geirdal og Böðvar Páll Jónsson.

Fundarritari var Auður Eygló Andrésdóttir

Þetta gerðist:

1. **Austurgerði 1 - USK26080386**
   Sótt er leyfi fyrir breytingu á innra skipulagi, innrétta aukaíbúð, taka út stiga milli hæða, breyta gluggum og hurðum auk svalalokana á báðum hæðum í einbýlishúsi á lóð nr. 1 við Austurgerði. Stækkun 21,5 ferm.

   Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 9. júní 2015.

   Frestað. Vísað til athugasemda.

2. **Austurstræti 8-10 - USK26110044**
   Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta heilsurækt og spa í hluta kjallara og á 2. og 3. hæð og til að breyta innra skipulagi í rými 0101 og fjarlægja stiga milli kjallara og 1. hæðar í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 8-10 við Austurstræti.

   Erindi fylgir yfirlit breytinga.

   Frestað. Vísað til athugasemda.

3. **Ásvallagata 19 - USK26100518**
   Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í flokki II, teg. kaffihús fyrir 30 gesti í íbúðar- og atvinnuhúsi á lóð nr. 19 við Ásvallagötu.

   Frestað. Vísað til athugasemda.

4. **Bankastræti 11 – breytingaerindi - USK26090241**
   Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK26030295 með því að færa flóttaleið og loka gangi í kjallara í húsi á lóð nr. 11 við Bankastræti.

   Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum dags. 12. maí 2026.

   Frestað. Vísað til athugasemda.

5. **Barmahlíð 51 - USK26100204**
   Sótt er um leyfi til að innrétta aukaíbúð í bílskúr á lóð nr. 51 við Barmahlíð.

   Frestað. Vísað til athugasemda.

6. **Bergstaðastræti 4 - USK25080048**
   Sótt er um heimild til að breyta notkun íbúða 0201, 202, 0301 og 0302 í hótelíbúðir í fl. II fyrir samtals 24 gesti á 2. og 3. hæð í verslunar og íbúðarhúsi, mhl. 01, á lóð nr. 4 við Bergstaðastræti.

   Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 10. júlí 2007.

   Frestað. Vísað til athugasemda.

7. **Bergstaðastræti 57 – breytingaerindi - USK25110222**
   Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24080069 þannig að eignum er fjölgað og íbúð 0001 gerð að séreign og innra skipulagi íbúar er breytt auk þess sem stigi milli hæða er fjarlægður, komið er fyrir nýjum glugga, útihurð á suðausturhlið er færð til og landhæð lækkuð til samræmis, jafnframt eru brunavarnir bættar og skráningartafla uppfærð fyrir einbýlishús á lóð nr. 57 við Bergstaðastræti.

   Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 29. október 2026, umsögn Minjastofnunar dags. 19. ágúst 2026, skýringarmynd, teikning B200, útg. A, á aðkomu slökkviliðs, greinargerð hönnuðar dags. 9. janúar 2026 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 1. október 2024.

   Frestað. Vísað til athugasemda.

8. **Blikastaðavegur 4 - USK26070182**
   Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu á suðurhlið, gera glugga á norðurhlið og til að breyta innra skipulagi milli mátlína 15 og 16 á svæði 3 og milli 16 og 19 á svæði 4 á Korputorgi, í mhl. 01 á lóð nr. 2-8 við Blikastaðaveg.

   Stækkun: 149,6 ferm.

   Erindi fylgir yfirlit breytinga, greinagerð hönnuða dags. 9. júlí 2026 og greinargerð um brunavarnir frá Örugg dags. 2. október 2026..

   Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

   Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

   Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

9. **Borgartún 30 – breytingaerindi - USK26100138**
   Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK26060140 með því að breyta lítillega innra skipulagi á 4. hæð í atvinnuhúsi á lóð nr. 30 við Borgartún.

   Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

   Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

10. **Brautarholt 63 - USK26100438**
    Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23100249 vegna lokaúttektar í húsi á lóð nr. 63 við Brautarholt.

    Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 13. febrúar 2024.

    Frestað. Vísað til athugasemda.

11. Bryggjugata 8 - USK26110046

Sótt er um leyfi til að setja kælirými þar sem áður voru 3 bílastæði í rými 0002 í kjallara mhl. 06, ásamt þessu er sótt um að bæta við útigeymslu á þakpalli og að breyta innra skipulagi í veitingastað , flokki II, tegund b, á 7. hæð í hóteli nr. 8 við Bryggjugötu.

Erindi fylgir skýrsla brunahönnuðar dags: 30. apríl 2020 og yfirlit breytinga.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

12. Depluhólar 2 - USK26050360

Sótt er um leyfi til að innrétta vinnustofu í bílskúr, breyta gluggum og fjarlægja bílskúrshurð auk þess sem sótt er um leyfi fyrir 1,8 m háum steyptum skjólvegg meðfram lóðarmörkum til suðurs og austurs við einbýlishús á lóð nr. 2 við Depluhóla.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdrætti.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

13. Fiskislóð 3 - USK26090021

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í verslunarhúsi á lóð nr. 3 við Fiskislóð.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

14. Funahöfði 17A - USK25120081

Sótt er um leyfi til að koma fyrir brunastigum frá 2. og 3. hæð við sitt hvorn enda suðurhliðar verslunar- og skrifstofuhúss við Funahöfða 17a, mhl.02, á lóð nr. 17 við Funahöfða.

Erindi fylgir samþykki undirritað af ráðsmanni f. hönd eigenda húss nr. 17 dags. 10. september 2026 og samþykki meðeigenda í húsi nr. 17a við Funahöfða og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

15. Glaðheimar 26 - USK24110063

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum vegna gerðar eignaskiptasamnings, þannig að stærðum og innra skipulagi íbúða 0001 og 0002 auk aðgangs að sameiginlegum inntaksrýmum, hefur verið breytt í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 26 við Glaðheima.

Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa á aðalteikningu dagsettri 20. maí 2025, ódagsett greinargerð fasteignasala um staðsetningu mæla og inntaka og yfirlit breytinga á fylgiblaði dags. 10. apríl 2024 ásamt afriti af samþykktum aðaluppdrætti.

Frestað. Vísað til athugasemda.

16. Grettisgata 20A – breytingaerindi - USK26040120

Sótt er um leyfi til þess breyta erindi USK24060182 þannig burðarsúlur eru settar undir svalir á 2. hæð í bakhúsi, mhl.02, og að innra skipulagi íbúða er breytt vegna lagnaleiða á 2. og 3. hæð fjölbýlishúss, mhl.01, á lóð nr. 20 A við Grettisgötu.

Afgreiðist samhlíða erindi USK26040121, sem fjallar um samskonar framkvæmir fyrir aðliggjandi hús á lóð nr. 20B við Grettisgötu.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 24. febrúar 2026 greinargerð vegna breytinga dags. 12. apríl 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Stærð mhl. 01 eftir breytingu: 380,4 ferm., 1.243,7 rúmm.

Stærð mhl. 02 eftir breytingu: 148,8 ferm., 507,9 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

17. Grettisgata 20B – breytingaerindi - USK26040121

Sótt er um leyfi til þess breyta erindi USK24060181 þannig að innra skipulagi íbúða er breytt lítillega og byggð útbygging með glugga þar sem áður var stigi upp á 1. hæð íbúðarhúss á lóð nr. 20B við Grettisgötu.

Stækkun mhl. 01: 3,5 ferm.

Mhl. 01 eftir stækkun: 391,2 ferm., 1.273,3 rúmm.

Afgreiðist samhlíða erindi USK26040120, sem fjallar um samskonar framkvæmir fyrir aðliggjandi hús á lóð nr. 20A við Grettisgötu.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 24. febrúar 2026, greinargerð vegna breytinga dags. 12. apríl 2026, yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. september 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

18. Koparslétta 4 – breytingaerindi - USK26100535

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN0617225 með því að breyta innra skipulagi í mhl. 11 á lóð nr. 4 við Koparsléttu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

19. Kringlan 4-12 - USK26080307

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24090268 vegna lokaúttektar með því að hætta við að byggja geymsluloft ,fjarlægja stiga og breyta byggingarlýsingu í verslun og hársnyrtistofu í Kringlunni á lóð nr. 4-12 við Kringluna.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

20. Krummahólar 6 - USK26100115

Sótt er um leyfi til að koma fyrir djúpgámum við fjölbýlishús á lóð nr. 6 við Krummahóla.

Frestað. Vísað til athugasemda.

21. Krókháls 9 - USK26080263

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN045317 og USK23060184 með því að breyta innra skipulagi í húsi á lóð nr. 9 við Krókháls.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 15. ágúst 2023.

Frestað. Vísað til athugasemda.

22. Laugavegur 54 - USK26090298

Sótt er um leyfi til að innrétta smávöruverslun í kjallara verslunarhúss á lóð nr. 54 við Laugaveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

23. Laugavegur 62 - USK26010455

Sótt er um leyfi til að setja upp hlið (bómu) í portinu á lóð nr. 62 við Laugarveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 16. október 2002 og 22. desember 1977.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

24. Norðurbrún 22 – breytingaerindi - USK26040459

Sótt erum leyfi til að breyta erindi USK24060038 vegna lokaúttektar þannig að bætt hefur verið við glugga á vesturhlið sólskála parhúss nr. 22, mhl.02, á lóð nr. 20-22 við Norðurbrún.

Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 3. júní 2026

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

25. Nóatún 17 - USK26060034

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 0101 í verslunarhúsi á lóð nr. 17 við Nóatún

Erindi fylgir yfirlit breytinga

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

26. Ólafsgeisli 29 - USK26090468

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN021801 vegna lokaúttektar í einbýlishúsi á lóð nr. 29 við Ólafsgeisla.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

27. Reykjastræti 6 – breytingaerindi - USK25110252

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055542, breyta innra skipulagi, sameina rými 0101 og 0102, stækka rými fyrir útibú Landsbankans og til að innrétta veitingastað í flokki I, teg. E fyrir 30 gesti og sýningarrými í í syðsta hluta 1. hæðar í húsi Landsbankans í Reykjastræti 6, sem er mhl. 16 á lóð nr. 2 við Austurbakka.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

Skilyrt er að gera viðauka við eignaskiptayfirlýsingu og sameina fasteignirnar tvær í eina.

28. Safamýri 26 - USK26100537

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á áhorfendasvæði og innrétta veitingastað í fl. II, teg. g í íþróttahúsi Víkings á lóð nr. 32 við Safamýri .

Frestað. Vísað til athugasemda.

29. Seljavegur 1A – breytingaerindi - USK26100173

Sótt er um leyfi til breyta erindi USK26100173 með því að bæta við útihurð á íbúðarhús á lóð nr. 1a við Seljaveg.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

30. Skarfagarðar 2 – breytingaerindi - USK26090213

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25070174 með því að koma fyrir kælum og pökkun í áður óráðstöfuðu rými 0203 í húsi á lóð nr. 2 við Skarfagarða.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum dags. 3. desember 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

31. Skeljanes 8 - USK25100120

Sótt er um leyfi til að breyta notkun og innra skipulagi þannig að opnað er á milli þvottahúss og bílgeymslu sem breytt verður í tómstundaherbergi, geymslu og hjólageymslu auk þess sem bílskúrshurð er fjarlægð á rými 0002, í einbýlishúsi á lóð nr. 8 við Skeljanes.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 1. júlí 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

32. Skildingatangi 2 - USK26090442

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við einbýlishús á lóð nr. 2 við Skildingatanga.

Stækkun: 91 ferm., 317,2 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum uppdráttum dags. 25. júní 2019.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

33. Skipholt 50D - USK26060388

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 2. hæð og innrétta fyrir starfsemi Menntaskóla í Tónlist í húsi á lóð nr. 50D við Skipholt.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

34. Skipholt 6 - USK26100411

Sótt er um leyfi til að endurgera glugga á suðurhlið, setja nýja gönguhurð og breyta innra skipulagi í bílskúr, mhl. 2 á lóð nr. 6 við Skipholt.

Frestað. Vísað til athugasemda.

35. Skúlagata 28 - USK26060084

Sótt er um leyfi til að innrétta keilusal í áður óráðstöfuðu rými á 1. hæð í húsi á lóð nr. 28 við Skúlagötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

36. Spítalastígur 4B – breytingaerindi - USK26110045

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23110281 vegna lokaúttektar í fjölbýlishúsi á lóð nr. 4 við Spítalastíg.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

37. Stuðlasel 7 - USK26100439

Sótt er um leyfi til að stækka svalir á suðurhlið einbýlishúss á lóð nr. 7 við Stuðlasel.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 13. nóvember 1975.

Frestað. Lagfæra skráningu.

38. Síðumúli 24-26 - USK26100541

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta tvær verslanir í rými 0101 í húsi á lóð nr. 24-26 við Síðumúla.

Frestað. Vísað til athugasemda.

39. Sólvallagata 84 - USK26100205

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að innra skipulagi hefur verið breytt og innréttuð nuddstofa í rými 0115 í húsi á lóð nr. 15 við Sólvallagötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

40. Thorvaldsensstræti 2 – breytingaerindi - USK26090150

Sótt er um leyfi til að útbúa nýja flóttaleið og bæta flóttaleið sem fyrir er í veitingastað á lóð nr. 2 við Thorvaldsensstræti.

Erindi fylgir minnisblað um brunavarnir frá Lotu dags. 11. júní 2026 og skýringar hönnuðar dags. 25. júní 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

41. Tryggvagata 8 - USK26090313

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 0101, veitingastað í flokki II, tegund A, í verslunar- og íbúðarhúsi á lóð nr. 8 við Tryggvagötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum uppdráttum dags. 15. febrúar 2011.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

42. Úlfarsbraut 124 - USK26100336

Sótt er um leyfi til að skilgreina rými 0208, 0305 og útisvæði 0118 sem veitingastað í flokki II, tegund G í íþróttamiðstöð á lóð nr. 122 við Úlfarsbraut.

Frestað. Vísað til athugasemda.

43. Vatnagarðar 6 – breytingaerindi - USK26090215

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK26020415 með því að breyta stefnu ramps, breyta hurðum og bæta pall í iðnaðarhúsi á lóð nr. 6 við Vatnagarða.

Frestað. Lagfæra skráningu.

44. Þönglabakki 1 - USK25110395

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi verslunar Nettó í rými 0101 í verslunar- og skrifstofuhúsi við Þönglabakka 1, mhl.06 á lóðinni Álfab.12-16/Þönglab.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 18. september og 16. október 2018.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

Fundi slitið kl.15:20

Brynjar Þór Jónasson

Edda Þórsdóttir

Sigrún Reynisdóttir

Dagný Geirdal

Böðvar Páll Jónsson.

Auður Eygló Andrésdóttir